

Mér finnst það bíði mín heil starfs- ævi...

Rætt við Kristjönu Samper um listalíf
og móðurhlutverk og frumleika
og þau hugðarefni sem lengja lífið.

Það kom hérna ágætur maður og sagði: Merkillegt að svona ung stúlka skuli vera búin að gera þetta allt saman. Ég gat nú ekki annað en hugsað sem svo, fertug manneskjan: Ég hefði kannski átt að vera búin að þessu fyrir löngu. Ekki svo að skilja: Mér finnst núna, að það bíði mín heil starfsævi.

Svo segir Kristjana Samper sem sýnir 24 skúlptúra úr leir á Kjarvalsstöðum. Þar eru „myndhvörf“ um mannlegar tilfinningar: Ein figúran hefur eins og létt steini af hjarta sér, önnur geymir í sér mörg hjörtu og ólík: það er vegna þess að til að skilja aðra þarf að vera rúmt í brjóstkasnanum, segir listakonan. Ég leita þín í mér heitir sú mynd. Í annarri mynd er frelsið fuglasveimur sem brýst út úr viðjum líkamans. Og þarna eru bækur steinrunnar eins og armenska handritið sem var falið fyrir hundtyrkjanum í helli og rann yfir það kísill um aldir, og lágmynd af „umsjá“ með barni og af kossi sem verður bráðum. Og leirkonur liggja á bordum í sínum mjúku formum – en verklaunsskrokkinn ef harðari form væru á dagskrá.

Tólf ára hlé

Ég byrjaði reyndar mjög ung í myndlistarskóla, segir Kristjana. Þar var ég veturinn 1962-63. Ég hætti vegna þess að við vorum að stofna heimili (Kristjana er kona Baltasars eins og margir vita) og fór að eiga börn. En ég hætti aldrei alveg, var að dútla þetta fyrir sjálfa mig til að leggja þetta hugðarefni ekki alveg á hilluna. Svo byrjaði ég aftur í Myndlistarskólanum þegar yngsta barnið var komið af höndum. Þetta varð þá ekki nema svo sem tólf ára hlé.

Ég sé ekkert eftir því. Mér finnst ég alltaf vera að uppskera það að hafa gefið börnunum minn tíma. (Maður talar nú vel um börnin sín í blaðaviðtölum! skýtur Kristjana inn í og hlær.) Myndlist er líka þannig, að maður þarf ekki að vera bráðungur til

að byrja – eins og í tónlist og dansi. Þótt ég sé orðin fertug finnst mér ég eigi eftir að vinna heila starfsævi. Það er ekki nema ánægjulegt að eldast ef maður hefur starf sem gefur manni mikið og yngir mann upp um leið.

Það sem stórkostlegast er við að vinna að myndlist er að þú þarft ekki að bíða eftir því að aðrir fái þér hlutverk. Í ýmsum öðrum greinum þarft þú á öðrum að halda til að koma þínu framlagi á framfæri. En hér velur þú þér hlutverk sjálf. Um leið verða menn algjörlega að treysta á sjálfa sig.

Listin var innanstokks

Það er svo alveg rétt að myndlistin hefur verið innanstokks hjá okkur Baltasar. Ef fólki kemur vel saman á annað borð þá skapast mjög notalegt samfélag um það, að víð höfum sama hugðarefni að tala um, getum spekulerað saman í hlutunum, hans vinnu og annarra. Þetta er líka partur af því, að ég fór ekki úr tengslum við myndlistina þótt ég gerði þetta tólf ára hlé.

Þessi sýning hérna þýðir tveggja ára vinnu og fjögurra mánaða strit núna síðast. En það að hafa tækifæri í fjóra mánuði til að vinna svona mikið gerir mér kleift að vinna áfram jafnt og þétt – með heimilinu. En ég neita því ekki að það hefur tekið tíma að skipuleggja tilveruna þannig að heimilið og drjúgur vinnudagur fari saman.

Þú spyrð hvort kvennaumbrot seinni ára hafi breytt miklu í mínu lífi. Þau hafa vafalaust hvatt margar konur til að ráðast í það, sem þær hefðu annars látið ógert. En ég veit ekki hvað ég á að segja um sjálfa mig. Ég var einhvernveginn alltaf viss um að ég mundi byrja aftur. Ég hætti í myndlistarskólanum vegna þess að mig langaði til að verða mamma. Og ég hafði blátt áfram gaman af því að vera mamma – en var kannski búin að fá nóg af því eftir svona tíu ár, þótt ég dútlaði fyrir sjálfa mig eins og ég sagði



Kristjana Samper: Ég vissi einhvernveginn alltaf að ég mundi byrja aftur (ljósm eól)

áðan og léki mér í tónlistarskóla með krökkunum og reyndi með öðru móti að lokast ekki inni í skel.

Þegar ég byrjaði aftur árið 1975 í Myndlista- og handíðaskólanum fór ég í keramik, m.a. vegna þess að ekki var skúlptúrdeild við skólann. Ég er ánægð með þá undirstöðu sem ég fékk, ég lærði að fara öðruvísi með leir en þeir sem fara beint í skúlptúr, veit kannski betur hvað má bjóða honum. Svo var ég í Arizona 1980-81 bæði í leir- og málm-skúlptúr. Þangað fór ég til að kynnst mismunandi tækni í brennslu og til að vera í nálægð við áhrif Indjána í eyðimörkinni og þeirra fornu vinnuáferða og svo kunnir ég vel við þau frjálsegu vinnubrögð sem Amerikanar hafa tileinkað sér. Þeir eru eins og lausir við það akademíska farg sem hvílir á mörgum skólum í Evrópu.

Markaður og smekkur

Já þetta er skemmtileg vinna og leiðinlegast að þurfa að standa

í því að selja verkin. Ekki vegna þess að maður vilji endilega hafa öll verk sín hjá sér. Heldur að þurfa að standa í markaðsstússi yfirleitt, koma því einhvernveginn að, að það sé kannski ekki svo vitlaust sem maður er að gera!

Það er oft talað um listasprengingu, allan þennan mikla fjölda sem hefur lært til lista og sýnir. En þetta er, í fyrsta lagi, svipað og hefur verið í menntunarmálum yfirleitt. Fyrir svosem 25 árum þegar ég var í menntaskóla þótti það ansi flott fyrir stelpur að vera með stúdentspróf. En það þótti líka nóg. Það var ekkert atriði að þær héldu áfram. Allir vita hve gifurleg breyting hefur orðið síðan – ekki síður hjá stúlkum en stráku.

Þessi mikli fjöldi listamanna – hann setur þá væntanlega hverjum og einum harðari kröfur í strangri samkeppni. Ekki svo að skilja: það eru margir sem telja listaverkamarkað klinkaðan óskapnað. Vitanlega getur maður rekist á hörkugóðar sýningar í afskekktu plássi og vaðið ruslið í hné á fínum galleríum í stórborgum. En hér er nú til. En ég er að


vona, að við séum hér á Íslandi ekki komin í stórvandræði út af slíku misræmi. Íslendingar eru ekki gefnir fyrir að hlusta á vitringu og sérfróða, þeir fara eftir því sem þeim sýnist. Þetta er bæði til góðs og ills. En munum það, að Íslendingar hafa ekki lifað lengi með myndlist, hún er ung í landinu og lítt um hana kennt í almennum skólum. Þar eftir fer mikil óvissa og ringulreið í smekk. En með aukinni reynslu og þekkingu skulum við ætla að sjálfstæði hvers og eins verði jákvæðara.

Þú spyrð um þá kröfu sem hefur lengi uppi verið: vertu frumlegur, sýndu eitthvað nýtt. Ég hefði ekki orðið fyrir þeim dapurleika að finnst, að búið sé að gera allt. Kartöflurnar hirtu hinir... Ef þú ert einlægur og þú sjálfur, þá mun persónuleikinn skila sér – ef hann er til staðar á annað borð – og þá verður þú aldrei eins og einhver annar, þótt þú kunnir að eiga ættingja hér og þar.

Það verður enginn frumlegur nema það komi af sjálfu sér. Leitid ekki og þér munuð finna....

AB

**VESTURÞÝSK
HÁGÆÐA-
FRAMLEIÐSLA
Í SÉRFLOKKI**



Höfum í okkar þjónustu tvo innahúsarkitekta, sem standa yður ávallt til boða, þegar um er að ræða val og skipulagningu á nýjum eldhúsinnréttingum – allar leiðbeiningar eru að sjálfsgöðu án allra skuldbindinga.

15% afsláttur af Alno heimilistækjum, séu þau keypt með innréttingum.

ALNO eldhús

Grensásvegi 8 (áður Axminster) sími 84448